



Foreldrahandbók

Gagnlegar upplýsingar fyrir foreldra

Tónlistarnámið

- Almennt hefja börn tónlistarnám í forskóla á aldrinum 5-8 ára og að honum loknum tekur einkanám á hljóðfæri við. Í forskólanum fá þau alhliða tónlistarþjálfun með sköpun, söng, hlustun, hreyfingu og hrynleikjum. Nánar um forskólann [hér á síðu skólans](#).
- Þegar börn eru komin í 5. bekk er æskilegt að þau hefji tónfræðinám samhliða hljóðfæranáminu. Foreldrar skrá börnin í tónfræði með því að senda póst á tonrey@tonrey.is. [Hér má lesa nánar um tónfræðina](#).
- Í skólanum eru nokkrar gítarsveitir og strengjasveit sem nemendur fá tækifæri til að leika með. Skólinn leggur mikla áherslu á samspil og spuna og nemendur í einkanámi sækja samspils- og/eða spunatíma á hverri önn.
- Nemendur koma fram á tónleikum a.m.k. tvisvar á ári um leið og þeir treysta sér til. Það er mikilvægur liður í markmiðasetningu og þroska ungs tónlistarfólks. Framkoma á tónleikum er skemmtileg, eflandi og gefandi.
- Nemendur þreyta vorpróf í maí og fá umsagnir í kjölfarið. Almenn áfangapróf fara fram í nóvember, mars og maí.
- Skóladagatal má finna á vefsíðu skólans.
- Skólareglur og almenna skilmála má [finna hér](#).



Tónlistartímar á skólatíma




- Tónlistarnám er dýrmætur og fyrir mörgum ómissandi þáttur í almennri skólagöngu. Kennsla fer fram í mörgum grunnskólum á skólatíma.
- Þegar nemendur sækja tónlistartíma á skólatíma er mikilvægt að foreldrar velji tíma í samráði við umsjónarkennara. Þannig missir barnið ekki úr fögum sem það má síst við. Tónlistartímar mega ekki skarast við íþróttir, sund eða aðrar listgreinar.
- Foreldrar bera ábyrgð á því að fylgja eftir námi sinna barna, einkum í þeim fögum sem barnið missir úr.
- Mikilvægt er að barnið hafi tónlistarnámsgögnin með sér í skólann á þeim dögum sem kennsla fer fram. Best er að setja allt í töskuna kvöldið áður þannig að allt sé tilbúið fyrir hljóðfæratíma.

Heimaæfingar



- Reglulegar heimaæfingar eru lykillinn að framförum. Heimaæfingar þurfa ekki að vera langar en þurfa að vera reglulegar.
- Stuttar daglegar æfingar skila meiri árangri en ein löng á viku.
- Foreldrar geta gert æfingarnar að samverustund, til dæmis með því að hlusta á barnið eða setjast hjá því.
- Best er að brjóta lögin niður í litla búta: æfa takt fyrir takt, æfa sitthvora hönd, klappa taktinn eða syngja hann. Byrja hægt og byggja smám saman upp hraða.
- Kennarinn gefur ráð sem stuðla að árangursríkum æfingum. Flestir þurfa líka að æfa sig í að æfa sig.

Samskipti foreldra og tónlistarkennara




- Kennarar eru með mismunandi kennsluaðferðir og nálganir og gott er að spyrja kennara að því hvernig þeirra nálgun er svo hægt sé að vinna saman og stuðla þá að enn frekari ánægju, áhuga og árangri nemanda.
- Margir kennarar kjósa að nemandi hafi með sér litla bók til þess að skrifa í t.d. hvað nemandi á að æfa heima, hvað fór fram í tímanum og ýmsar gagnlegar upplýsingar en aðrir kennarar kjósa að nota námsvettvanginn á SpeedAdmin.



- SpeedAdmin er skólaumsjónarkerfi skólans þar sem kennarar skrá mætingar, próf og ýmislegt annað og er það mikilvægur samskiptavettvangur á milli nemenda/foreldra/kennara og skólans.
- Foreldrar og nemendur hafa einnig aðgang að kerfinu en þar ber að tilkynna forföll en mikilvægt er að tilkynna þau sem fyrst. **Forföll eru tilkynnt í SpeedAdmin appinu sem foreldrar sækja í símann.**
- Í SpeedAdmin er einnig námsvettvangur þar sem kennarar geta sett inn gögn sem koma náminu við. Þar getur kennari sett inn nótur, upptökur og annað áhugavert efni sem gagnlegt er foreldrum og nemendum.
- Mikilvægt er að muna að senda börn **ekki í hljóðfæratíma ef þau eru lasin og sóttu ekki annað nám vegna veikinda.**

Námsmat og námsskrá



- Tónskólinn í Reykjavík starfar samkvæmt Aðalnámskrá tónlistarskóla. Þar eru ítarlegar lýsingar á hæfnikröfum fyrir hvert og eitt hljóðfæri í hverjum áfanga. Hana má nálgast [hér á vefsíðu Stjórnarráðsins](#)
- Einnig er skólanámskrá Tónskólans í Reykjavík sem er starfsáætlun skólans sem lýsir markmiðum og fyrirkomulagi skólastarfs. Reynt er að taka á flestu sem lýtur að skipulagi náms og kennslu og gefa sem besta heildarsýn yfir skólastarfið. Þættir í skólanámskrá eru birtir á heimasíðu á viðeigandi stöðum til fróðleiks fyrir nemendur og foreldra.

Stuðningur og áhugi foreldra



- Áhugi foreldra utan kennslustunda skiptir öllu máli. Það er ómetanlegt þegar barnið finnur að foreldrar hafi gaman af því sem það er að læra. Farið saman á tónleika, hlustið á tónlist heima, syngið eða jafnvel prófið sjálf að spila. Allt sem kveikir gleði og innblástur styrkir tónlistarævintýrið.
- Tónlistarnám er ekki aðeins æfingar og próf – það er ferðalag sem veitir gleði, þroska og minningar sem endast ævilangt. Með þolinmæði, jákvæðu viðhorfi og stuðningi foreldra blómstrar barnið í námi og tónlistin verður ómissandi hluti af lífinu.